

Greiðslujöfnuðurinn við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins - janúar-júní 2002

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var 3,3 milljarða króna viðskiptahalli við útlönd á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 29,8 milljarða króna halla á sama tíma í fyrra. Á föstu gengi¹ var hallinn um 31,3 milljörðum króna minni á fyrri helmingi ársins en á sama tímabili í fyrra. Á öðrum ársfjórðungi var hallinn 0,8 milljarðar króna samanborið við 11,4 milljarða króna halla á sama tíma árið áður. Útflutningur vöru og þjónustu jókst á fyrri árshelmingi um 8,5% frá sama tíma í fyrra en innflutningur minnkaði um 6,4% reiknað á föstu gengi. Hallinn á þáttatekjum (laun, vextir og arður af fjárfestingu) og rekstrarframlögum nettó nam 11,9 milljörðum króna á fyrri árshelmingi 2002. Hallinn hefur minnkað frá fyrra ári vegna aukinna tekna af beinum fjárfestingum erlendis og lægri vaxtabyrði af erlendum skuldum þar sem vextir lækkuðu á erlendum lánamörkuðum.

Hreint fjárinnstreymi mældist 27,3 milljarðar króna á fyrri árshelmingi 2002. Það skýrist að stærstum hluta af erlendum lántökum og skuldabréfaútgáfu í útlöndum, en einnig mældist nokkuð innstreymi vegna kaupa erlendra aðila á verðbréfum útgefnum á Íslandi. Fjáruðstreymi vegna erlendra verðbréfakaupa nam 6,8 milljörðum króna sem er nokkuð meira en í fyrra. Bein fjárfesting Íslendinga erlendis var aftur á móti minni á fyrri hluta ársins og nam 5,4 milljörðum króna. Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 35,4 milljörðum króna í júnílok og hafði lækkað í krónum talið frá ársbyrjun vegna gengishækkunar krónunnar. Í uppgjöri greiðslujafnaðar jókst forðinn hins vegar um 3,6 milljarða króna vegna gjaldeyriskaupa bankans mælt á viðskiptagengi hvers tíma.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Apríl</i>	<i>- júní</i>	<i>Janúar</i>	<i>- júní</i>
	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>
Viðskiptajöfnuður	-11,4	-0,8	-29,8	-3,3
Útflutningur vöru og þjónustu	71,8	78,7	136,6	155,4
Innflutningur vöru og þjónustu	-74,9	-75,4	-149,7	-146,8
Þáttatekjur og framlög, nettó	-8,3	-4,1	-16,7	-11,9
Fjármagnsjöfnuður	-9,8	14,6	10,2	27,3
Hreyfingar án forða	-14,8	17,3	5,1	30,9
Gjaldeyrisforði (- aukning)	4,8	-2,7	4,9	-3,6
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	21,2	-13,8	19,6	-24,0

Erlendar skuldir þjóðarinnar námu 569 milljörðum króna umfram erlendar eignir í lok júní sl. Hrein skuldastaða við útlönd lækkaði um 20 milljarða króna á fyrri árshelmingi vegna gengishækkunar krónunnar. Staðan við útlönd hefði batnað enn meira ef markaðsvirði erlendrar verðbréfaeignar hefði ekki lækkað á sama tíma vegna verðlækkunar á erlendum hlutabréfamörkuðum. Skekkjuliður

¹ Gengisvísitalan er 4,8% hærri á fyrri árshelmingi 2002 en á sama tímabili í fyrra.

greiðslujafnaðar er stór og neikvæður á fyrri hluta ársins, en talið er að hann stafi af vantöldu fjárústreymi, annað hvort meiri eignaaukningu eða skuldalækkun í útlöndum. Meðfylgjandi yfirlit sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabankans í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

<i>Í milljónum króna</i>	<i>Apríl</i>	<i>- júní</i>	<i>Breyting 1)</i>	<i>Janúar</i>	<i>- júní</i>	<i>Breyting 1)</i>
	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>frá fyrra ári</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>frá fyrra ári</i>
Viðskiptajöfnuður	-11.364	-773		-29.817	-3.323	
Útflutningur vöru og þjónustu	71.819	78.711	13,6%	136.583	155.351	8,5%
Innflutningur vöru og þjónustu	-74.905	-75.357	4,3%	-149.678	-146.820	-6,4%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-8.278	-4.127	-48,3%	-16.722	-11.854	-32,4%
Vöruskiptajöfnuður	-2.341	4.761		-9.451	10.495	
Útfluttar vörur f.o.b.	45.367	53.713	22,7%	90.830	107.101	12,5%
Innfluttar vörur f.o.b.	-47.708	-48.952	6,4%	-100.281	-96.606	-8,1%
Þjónustujöfnuður	-745	-1.407		-3.644	-1.964	
Útflutt þjónusta alls	26.452	24.998	-2,0%	45.753	48.250	0,6%
Samgöngur	13.287	12.840	0,2%	23.429	24.699	0,6%
Ferðalög	5.204	5.344	6,5%	8.072	8.500	0,4%
Önnur þjónusta	7.961	6.814	-11,3%	14.252	15.051	0,7%
Innflutt þjónusta	-27.197	-26.405	0,7%	-49.397	-50.214	-3,0%
Samgöngur	-10.769	-10.302	-0,8%	-19.048	-20.636	3,3%
Ferðalög	-10.132	-8.638	-11,6%	-17.086	-15.227	-15,0%
Önnur þjónusta	-6.296	-7.465	22,9%	-13.263	-14.351	3,2%
Þáttatekjur, nettó	-7.984	-3.991		-16.513	-11.330	
Tekjur	3.676	3.854	8,7%	6.806	7.993	12,0%
Laun	1.285	1.130	-8,8%	2.557	2.530	-5,6%
Vextir og arður	2.391	2.724	18,1%	4.249	5.463	22,6%
Gjöld	-11.660	-7.845	-30,2%	-23.319	-19.323	-21,0%
Laun	-116	-362	223,5%	-229	-463	92,9%
Vextir og arður	-11.544	-7.483	-32,8%	-23.090	-18.860	-22,1%
Rekstrarframlög	-294	-136		-209	-524	
Fjármagnsjöfnuður	-9.828	14.557		10.223	27.298	
Fjárframlög, nettó	148	-5		236	-29	
Fjármagnshreyfingar *)	-9.976	14.562		9.987	27.327	
Hreyfingar án forða	-14.764	17.277		5.115	30.899	
Bein fjárfesting, nettó	-7.763	-2.938		-10.104	-3.987	
Innlendra aðila erlendis	-6.584	-3.988		-8.445	-5.432	
Erlendra aðila á Íslandi	-1.179	1.050		-1.659	1.445	
Verðbréfavíðskipti, nettó	4.992	37.425		12.106	36.034	
Erlend verðbréf	557	-588		-4.374	-6.754	
Hlutfé	-2.757	-71		-7.546	-6.537	
Skuldaskjöl	3.314	-517		3.172	-217	
Innlend verðbréf	4.435	38.013		16.480	42.788	
Hlutfé	1.029	173		1.531	-2.260	
Skuldaskjöl	3.406	37.840		14.949	45.048	
Annað fjármagn, nettó	-11.993	-17.210		3.113	-1.148	
Eignir	-22.264	-17.946		-30.277	-14.863	
Skuldir	10.271	736		33.390	13.715	
Gjaldeyrisforði	4.788	-2.715		4.872	-3.572	
Skekkjur og vantalið	21.192	-13.784		19.594	-23.975	
*) Liðir til skýringar:						
Fjármagnshreyfingar ²	-9.976	14.562		9.987	27.327	
Áhættufjármagn	-9.491	-2.836		-16.119	-12.784	
Skuldabréf, lán o.fl.	-485	17.398		26.106	40.111	
Seðlabankinn	1.398	-5.298		13.325	-464	
Hið opinbera	6.302	8.867		9.767	10.778	
Innlánsstofnanir	-3.349	11.626		-4.441	25.840	
Aðrir geirar	-4.836	2.203		7.455	3.957	
Gengisvísitala (1994 = 100)	115,8	111,7	-3,5%	109,6	114,9	4,8%

1. Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2. Neikvætt formerki táknar fjárustreymi vegna eignaaukningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

					Mars *	Júní *
Staða í lok tímabils í ma.kr.:	1998	1999	2000	2001	2002	2002
I. Erlendar eignir, alls	152,4	244,1	315,1	415,7	398,3	390,1
1 Bein fjárfesting erlendis	23,7	33,0	55,5	95,4	94,9	92,8
11 Eigið fjármagn	9,8	16,6	40,3	77,7	78,0	67,4
12 Lán til tengdra félaga	13,9	16,4	15,2	17,7	16,9	25,4
2 Erlend markaðsverðbréf	67,1	137,6	186,3	200,6	190,8	163,4
21 Hlutfé	57,5	124,3	179,7	193,4	184,4	156,6
22 Skuldaskjöl	9,5	13,4	6,6	7,2	6,5	6,8
221 Skuldabréf	9,0	12,5	3,6	6,4	6,2	6,0
222 Peningabréf	0,5	0,9	3,0	0,8	0,2	0,8
3 Afleiður	5,4	1,2	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	26,6	36,6	39,1	83,1	76,6	98,6
5 Gjaldeyrisforði	29,6	35,8	34,2	36,6	36,0	35,4
II. Erlendar skuldir, alls	441,6	549,7	766,4	1.005,1	981,5	959,0
1 Bein fjárfesting á Íslandi	32,3	34,9	41,0	64,2	63,2	60,4
11 Eigið fjármagn	24,0	25,3	33,6	58,1	58,0	54,5
12 Lán frá tengdum félögum	8,3	9,6	7,4	6,0	5,2	5,9
2 Innlend markaðsverðbréf	152,5	226,2	346,7	468,5	453,4	469,4
21 Hlutfé	1,0	4,8	1,2	6,0	3,2	3,4
22 Skuldaskjöl	151,5	221,4	345,5	462,4	450,2	466,0
221 Skuldabréf	138,5	181,7	299,2	379,5	376,6	416,0
222 Peningabréf	13,0	39,8	46,3	83,0	73,5	50,0
3 Afleiður	5,1	1,2	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	251,7	287,4	378,6	472,5	465,0	429,3
41 Löng lán	198,6	232,4	291,4	377,1	352,1	308,9
42 Skammtímaskuldir	53,1	55,0	87,2	95,4	112,9	120,4
III. Hrein staða við útlönd	-289,2	-305,6	-451,3	-589,4	-583,2	-568,9
1. Áhættufjármagn nettó	48,0	117,6	193,0	218,6	212,8	185,6
2. Skuldabréf, lán o.fl. nettó	-337,2	-423,2	-644,3	-808,0	-796,0	-754,5
21 Seðlabankinn	26,0	32,2	18,6	21,7	16,2	20,1
22 Hið opinbera	-135,3	-138,2	-167,4	-239,6	-232,9	-226,5
23 Innlánsstofnanir	-94,1	-145,2	-329,5	-377,7	-389,2	-370,9
24 Aðrir geirar	-133,9	-171,8	-165,9	-212,5	-185,8	-172,7
Gengi Bandaríkjadals	69,32	72,35	84,47	102,95	99,48	86,19
IV. Skuldahlutföll : 1)						
1 Staða í % af vergri landsframleiðslu:						
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-49,8	-49,5	-63,6	-75,4	-73,7	-74,1
12 Hrein skuldastaða 2)	58,0	68,5	90,8	103,4	100,5	98,2
13 Erlend skuldastaða 3)	69,4	82,4	102,1	119,6	115,6	116,6
131 þ.a. langtímaskuldir	57,9	66,0	82,9	96,2	93,5	93,0

*) Bráðabirgðatölur. Þegar Kaupþing banki hf. varð viðskiptabanki í janúar 2002 olli það tilfærslu frá öðrum geirum til innlánsstofnana.

1 Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.